

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Laufás, landnr. 201664.

Deiliskipulagið tekur yfir lóðina Laufás, landnr. 201664, þar sem gert er ráð fyrir, auk 147,6 m² íbúðarhúss sem þegar stendur á lóðinni, að heimilt verði að byggja allt að 150 m² hesthús á skilgreindum byggingarreit B1.

Samþykkt af hreppsnefnd þann 21. nóvember 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. febrúar 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. mars 2019